

## 9. fundur samstarfsnefndar Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Haldinn þann 18. nóvember í gegnum fjarfundarkerfið Zoom.

Fundinn sátu:

- Álfhildur Leifsdóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Drífa Árnadóttir, frá Akrahreppi
- Eyþór Einarsson, frá Akrahreppi
- Gísli Sigurðsson, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Hrefna Jóhannesdóttir, frá Akrahreppi
- Ingibjörg Huld Þórðardóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Jóhanna Ey Harðardóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Ragnhildur Jónsdóttir, frá Akrahreppi
- Sigfús Ingi Sigfússon, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Sigríður Sigurðardóttir, frá Akrahreppi,
- Róbert Ragnarsson, Freyja Sigurgeirsdóttir og Gunnar Úlfarsson frá RR ráðgjöf. Freyja ritaði fundargerð.

Fundur settur kl. 8.35.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Róbert fór yfir fundargerð síðasta fundar nefndarinnar sem var staðfest og verður birt á vefsíðu verkefnisins.

### 2. Tímalína verkefnisins

RR rifjaði upp tímalínu verkefnisins og þau verkefni sem framundan eru.

### 3. Greinargerð og álit samstarfsnefndar

RR fór yfir drög að álit og skilabréfi nefndarinnar og kallaði eftir ábendingum og athugasemdum frá nefndarfólki. Starfsfólk RR ráðgjafar mun klára uppsetningu og lokayfirferð á skilagögnum nefndarinnar og stefnt er að því að álitð fari til fyrri umræðu sveitarstjórna í lok nóvember.

### 4. Kynningarmál

Formlegt kynningarferli hefst þegar nefndin skilar formlega álit sínu til sveitarstjórna sem verður eftir næsta fund nefndarinnar. Þunginn í kynningarferlinu verður frá miðjum janúar fram í byrjun febrúar en um það leyti verða íbúafundir haldnir í sveitarfélögunum til að kynna álit nefndarinnar.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 9:20. Næsti fundur nefndarinnar verður föstudaginn 26. nóvember á Zoom.